



## Hreppsnefnd 23.04.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 23. apríl 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 23. apríl kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Inga María Ingadóttir, Ólafur Ármannsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Alexander Árnason, Erla Runólfsdóttir, og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. apríl sl. Fundargerðin rædd, undir tl. 11 "Samgöngumál", var spurt um framvindu á framkvæmdum í vegamálum norður um frá Vopnafirði og snjómokstur á þeirri leið.

Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 16. apríl sl. Fundargerðin rædd og spurt var um framtíðar tölvubúnað skólans. Fundargerðin síðan samþykkt.

3. mál. Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs og Félagslegra íbúða fyrir árið 2001. Sveitarstjóri skýrði reikningana og svaraði spurningum fundarmanna. Hann lagði síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu.

4. mál. Ásreikningur Skiphólma ehf. fyrir árið 2001.

Ársreikningur Skiphólma ehf. tekinn fyrir og skýrði sveitarstjóri fyrirbyggjandi ársreikning. Hann greindi enn fremur frá því að megin tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins væri að kaupa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum og hlú að nýsköpun í uppbyggingu í atvinnulífi á svæði félagsins.

5. mál. Heimsókn fulltrúa frá Mölle-Skovly AS, viljayfirlýsing. Skýrði sveitarstjóri frá heimsókn fulltrúans sem kom til að kanna undirtektir og aðstæður, ef til kæmi að stofnað yrði fyrirtæki í samvinnu við hann á Vopnafirði. Niðurstaða heimsóknarinnar varð sú að skrifað var undir viljayfirlýsingu um athugun á framhaldi á þessu máli. Áætlað er að 5-10 ársverk yrðu við fyrirtækið, ef til kemur.

6. mál. Hugmyndir um virkjun Hvammsár. Bréf dags. 15. apríl 2002, undirritað af Ólafi Ármannssyni fyrir hönd fyrirtækja og fjárfesta á Vopnafirði, þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn hlutist til um að landeigendur við Hvammsá veiti Vopnafjarðarhreppi heimild til að virkja hana.

Sveitarstjóri greindi einnig frá fundi með hugsanlegum fjárfesti í slíkri virkjun.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.

7. mál. Kosning í kjörnefnd, vegna komandi sveitarstjórnarkosninga.

Fram kom tillaga um eftirtalda:

“Aðalmenn: Aðalheiður Stefánsdóttir, Svanborg Víglundsdóttir, Sigríður Edda Wium Guðmundsdóttir. Varamenn: Reynir Árnason og Vilhjálum Vilhjálmsson. “

Tillagan samþykkt

8. mál. Vegagerð ríkisins, bréf dags. 9. apríl sl., varðandi frágangi á efnistökusvæðum. Lagt fram til kynningar.

9. mál. Íbúðarlánasjóður leiga á Steinholti 10, Vopnafirði. Samþykkt að leigja Steinholt 10 á leigu í samræmi við framlögð gögn.

10. mál. Skógræktaráætlun umhverfis og við þéttbýli Vopnafjarðar unnin af Skógræktarfélagi Íslands fyrir Vopnafjarðarhrepp og Landbót, skógræktarfélag Vopnfirðinga. Rætt var um framkvæmd á gróðursetningu og samstarf við Landbót. Lagt fram til kynningar.

11. mál. Byggðastofnun, erindi Vopnafjarðarhepps, vegna Tanga hf. staða mála. Sveitartjóri skýrði frá stöðu mála. Samþykkt að fela sveitarstjóra ásamt 2-3 hreppsnefndarmönnum að fara á fund Byggðarstofnunar og vinna að frekari framgangi málsins. Mikil umræða var um málið og tóku fundarmenn undir það að reynt yrði til fullnustu að ljúka málinu á upphaflegum forsendum.

12. mál. Hreindýraráð bréf dags. 3. apríl sl., varðandi arð. Sveitarstjóra falið að kanna nánar hjá ráðinu efni bréfsins

Fleira ekki gert og fundi slitið